

**ENDURRIT
ÚR
ÞINGBÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Ár 2009, þriðjudaginn 13. október, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði af Finnboga H. Alexanderssyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. G-560/2009:
Krafa Nýsis hf.
um gjaldþrotaskipti á búi sínu.

Lögð eru fram eftirtalin skjöl:
Nr. 1 Krafa um gjaldþrotaskipti, ásamt fylgiskjölum.

Í dóminn er mættur Ragnar Guðmundsson hdl. og Davíð Guðmundsson stjórnarformaður skuldara.

Fyrirsvarismaður skuldara áréttar kröfu félagsins um að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta með vísan til 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hann staðfestir í einu og öllu efni gjaldþrotaskiptakröfu á dómskjali nr. 1.

Lögð hefur verið fram og greidd trygging fyrir skiptakostnaði.
Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :
(Í heild í dómabók 2009)

ÚRSKURÐARORÐ :
Bú Nýsis hf., kt. 690191-1219, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Finnbogi H. Alexandersson

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði að ofangreindum viðstöddum.
Með vísan til ákvæða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 skipar dómari þá Ástráð Haraldsson hrl. og Þorstein Einarsson hrl. til að gegna starfi skiptastjóra í þrotabúinu.

Vottur:
Stefanía Knútsdóttir

Dómþingi slitið:
Finnbogi H. Alexandersson

Rétt endurrit staðfestir.
Skrifstofu Héraðsdóms Reykjaness 13.10.2009.

